

Túlkun á 4. gr. í reglugerð 348/2004 um starfsemi radióáhugamanna

Stjórn ÍRA hefur óskað eftir túlkun Prófnefndar félagsins á því sem snýr að lærlingum í 4. grein reglugerðar. Hún er eftirfarandi:

Túlkun Prófnefndar ÍRA

„Leyfishafa er skylt að hafa í einu og öllu umsjón með þátttöku lærlingsins.“

Hér er talað um „þátttöku“ lærlings (í kennslu- og æfingaskyni) í starfrækslu G-leyfishafa á stöð leyfishafans. Lærlingurinn getur ekki á eigin spýtur starfrækt stöðina frekar en aðrir sem ekki hafa gilt amatörleyfi.

Að „hafa í einu og öllu umsjón“ þýðir að leyfishafinn fylgist með athöfnum lærlingsins meðan aðgangurinn að stöðinni varir hverju sinni og geti hvenær sem er gripið inn í. Það er hann sem starfrækir stöðina.

Í reglugerð segir áður: „Radióáhugamönnum sem fengið hafa G-leyfi er heimilt að veita lærlingum aðgang að stöð sinni“. Með aðgangi er ekki átt við frjáls afnot, heldur þann aðgang að tækjum stöðvarinnar sem þarf til að taka þátt í stillingu og útsendingu með leyfishafa.

Greinargerð fylgir.

Greinargerð

Forsaga

Heimildin um lærlinga er runnin undan rifjum Prófnefndar. Félagsfundur ÍRA 12. október 1997 fól nefndinni að undirbúa tillögur vegna nýrrar reglugerðar. Fjallað var um fyrstu drög nefndarinnar á aðalfundi 1998 og ári síðar var haldinn sérstakur félagsfundur um málið. Síðan lagði nefndin fram endanlegar tillögur, "*Endurskoðun Reglugerðar*" (hér eftir skammstöfuð *ER*), á félagsfundi ÍRA þann 23. okt. 1999. Fundurinn ályktaði að þessi skýrsla yrði viðræðugrundvöllur ÍRA við Póst- og fjarskiptastofnun. Skýrslunni var dreift til félaga bæði þá og síðar, og hefur verið stjórn á hverjum tíma til hliðsjónar um stefnumörkun í þeim málum sem hún fjallar um.

Tillaga ÍRA um lærlinga

Í *ER* segir á bls. 10: "Af og til geta samt verið tiltækir menn með löngun og hæfileika til að taka lærlinga á kné sér, og til að missa ekki af slíkum tækifærum er . . . reynt að halda í hluta gömlu nýliðastefnunnar". Þetta er nánar útfært í kaflanum 3.8.4 *Meistarakerfi* á bls. 22. Þar er lagt til að lærlingur fái að nota heiman frá sér 5 W sendi á 80 m og 2 m, að undan genginni tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar með þeim hætti sem hún ákveður. Enn fremur að heimildin falli niður ef lærlingur fer ekki í próf innan 2ja ára. Tillagan takmarkast við bönd sem gætu talist einskorðuð við innanlandssambönd með þessu afli, einkum hugsuð til tilrauna á móti meistar anum.

Tillaga ÍRA um gest í stöð

Á bls. 22 í *ER* er einnig kaflinn 3.8.3 *Gestur í stöð*. Þar segir að löngum hafi tíðkast að leyfa gesti að segja "halló" í sambandi sem amatörinn nær, ef það mætti verða til að kveikja áhuga. Enn fremur að amatörar hafi álitnið að ekki væri amast við þessu innan hóflegra marka. Rætt er um mikilvægi kynningar, ekki síst meðal unglinga. Síðan segir: "Lagt er til að hvaða gesti sem er verði heimilt að taka þátt í starfrækslu stöðvar að amatörnum viðstöddum, enda sé starfrækslan í einu og öllu í samræmi við leyfisbréf gestgjafans".

Viðræður

Á viðræðufundum lét Póst- og fjarskiptastofnun í ljós áhyggjur af því að próflaust fólk fengi að sitja eitt við tæki sín til að fara í loftið. Viðræðunefnd ÍRA lagði áherslu á ríka ábyrgðartilfinningu meistaranna og að þeim væri fyllilega treystandi til að nýta heimildina eingöngu eins og til væri ætlast, sem þátt í kennslu til prófs.

Þegar leið að lokum viðræðna um drög Póst- og fjarskiptastofnunar eins og þau lágu fyrir á hverjum tíma, var tekið saman minnisblaðið "Ábendingar ÍRA um drög að reglugerð" dagsett 12. feb. 2002. Þar segir meðal annars: "Heimild verði veitt meistar anum til að

leyfa lærlingum að pota smásendi í loftið í hans nafni og út á hans leyfisbréf". Einnig segir: "Við óskum þess eindregið að Póst- og fjarskiptastofnun íhugi þennan kost. Til greina kemur að kveða á um viðurkenningu á meisturum með einhverjum formlegum hætti til að undirstrika ábyrgð þeirra".

Niðurstaða

Á minnisblaðinu voru fjölmörg önnur atriði, og í 4. drögum Póst- og fjarskiptastofnunar að reglugerð höfðu lang flest verið tekin til greina. Stofnunin gat þó ekki fallist á tillögur ÍRA um að lærlingar mættu sjálfir starfrækja lítinn sendi. Í staðinn kaus hún að takmarka lærlinga við hugmynd ÍRA um "gest í stöð", svo verkleg kennsla færi eingöngu fram á heimastöð meistarans.

Viðbrögð ÍRA

Talsmenn ÍRA skildu vel varfærni yfirvalda gagnvart því að fá fólki, án prófs og eigin leyfisbréfs, sendi á amatörböndunum í hendur. En þeim þótti vanta þann anga af gamla nýliðastarfinu sem vonast var eftir, þ.e. tilraunum með smásenda. Einnig þótti óheppilegt að nota upphaflegu hugmyndina um viðskeytin /Q1 o.s.frv. frá stöð sem gæti heyrst til annarra landa. Viðbrögð ÍRA urðu þau að hvetja ekki sérstaklega til notkunar á núverandi heimild, í von um að hugmyndir félagsins um lærlingsfyrirkomulagið gætu náð fram að ganga við næstu endurskoðun reglugerðar, e.t.v. með einhverjum breytingum. Enda hefðu íslenskir amatörar þá enn frekar sýnt hvers trausts þeir eru verðir sem leiðbeinendur.

27. janúar 2014

F.h. Prófnefndar ÍRA

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX
formaður

Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS
ritari